

Ed.

255. Frumvarp til laga

[137. mál]

um ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Kauplagsnefnd skal ákveða kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1973 eftir framfærsluvísitölu 1. nóvember 1972 og að teknu tilliti til þeirrar hækkunar búvöruverðs — einnig þeirrar, er varð haustið 1972 — er eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Gildir þetta eins, þótt slík hækkun hafi ekki komið fram í útsöluverði sökum þess, að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti. Enn fremur skal taka tillit til aukinnar niðurgreiðslu búvöruverðs frá 1. desember 1972, svo og þeirrar aukningar niðurgreiðslu vöruverðs og/eða hækkunar fjölskyldubóta, sem kynni að verða ákveðin frá janúarbyrjun 1973 og stendur eigi skemur en til febrúarloka 1973.

Þá er kauplagsnefnd heimilt að taka sérstakt tillit til þeirra hagsmuna, sem launþegar geta talizt hafa af því, að fram verði haldið að fullu niðurgreiðslu búvöruverðs, samkvæmt bráðabirgðalögum um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972, mánuðina janúar og febrúar 1973. Þetta skal þó ekki metið til meira en 1 stigs lækkunar kaupgreiðsluvísitölu.

2. gr.

Síðari málsgr. 8. gr. bráðabirgðalaga um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972 falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði bráðabirgðalaga um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972 um kaupgreiðsluvísitölu og greiðslu verðlagsuppbótar á laun renna út við lok þessa árs, en þá standa eftir tveir mánuðir af venjulegu gildistímabili kaupgreiðsluvísitölu skv. kjarasamningum. Með því að eigi er fullljóst talið, með hvaða hætti skuli ákveða verðlagsuppbót fyrir tímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1973, er þetta frumvarp flutt til þess að taka af tvímæli.

Eins og kunnugt er var efni laganna um tímabundnar efnahagsráðstafanir borið undir sérstaka ráðstefnu ASÍ og varð niðurstaða ráðstefnunnar sú, að hún lét þessa lagasetningu óátalda. Einn þáttur þessara ráðstafana var sá, að launþegar féllu frá 2,5 kaupgreiðsluvísitölustiga bótum til áramóta, gegn því, að ríkissjóður annars vegar greiddi niður vöruverð og hækkaði fjölskyldubætur, sem nam 3 kaupgreiðsluvísitölustigum fyrr en bætur hefðu komið skv. samningum, og var þetta metið sem ígildi 1,5 kaupgreiðsluvísitölustiga á tímanum fram til áramóta, en rynni að sjálfsögðu út þá, og hins vegar, að ríkissjóður greiddi niður frá 1. september til áramóta þá hækkun á búvöruverði haustið 1972, sem ella hefði ekki verið bætt, og metin var sem 1 kaupgreiðsluvísitölustig. Bæði þessi atriði renna þannig út við lok ársins. Hér er þó ráð fyrir því gert, að ef ríkissjóður tryggir, að ekki verði hækkun á útsöluverði búvöru mánuðina janúar og febrúar, vegna lækkunar niðurgreiðslna, sem svarar ofan greindu einu kaupgreiðsluvísitölustigi, þá sé kauplagsnefnd heimilt eftir mati á öllum aðstæðum að lækka kaupgreiðsluvísitöluna sérstaklega allt að 1 stigi á tímabilinu frá 1. janúar til 28. febrúar, enda hefðu launþegar ekki fengið slíka hækkun bæta fyrr en 1. marz 1973, samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

Í 2. gr. er lagt til, að ákvæði síðari málsgreinar 8. gr. bráðabirgðalaga um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972 verði fellt niður. En þar var ákveðið að fresta samningsbundnum frádrætti frá kaupgreiðsluvísitölu vegna hækkunar á launalið verðlagsgrundvallar búvöru haustið 1972 til 1. marz 1973. Þessi frestun var fyrst og fremst við það miðuð, að 1. marz 1973 væri næsti reglulegur gildistöku dagur nýrrar kaupgreiðsluvísitölu eftir 1. desember 1972 skv. ákvæðum kjarasamninga. Með þessu frumvarpi er lagt til, að ný kaupgreiðsluvísitala verði reiknuð frá 1. janúar 1973 og er því eðlilegt, að þetta ákvæði bráðabirgðalaganna falli niður og ofan greindur frádráttur komi til framkvæmda um áramót, eins og lagt er til í 1. gr. frv.